

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2001

frá 11. desember 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2001 frá 28. september 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/657/EB frá 16. október 2000 um að samþykkja ákvarðanir bandalagsins um innflutning á tilteknum efnum samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 12k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/166/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„121. **32000 D 0657:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/657/EB frá 16. október 2000 um að samþykkja ákvarðanir bandalagsins um innflutning á tilteknum efnum samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna (Stjtið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 44).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 44.

2. gr.

Texti ákvörðunar 2000/657/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.